

SAMPYKKT
um breytingu á samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar
og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 538/2010 með síðari breytingum.

1. gr.

59. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:
- A. **Til eins árs** á fundi í júní ár hvert:
1. Bæjarráð. Fimm bæjarfulltrúa sem aðalmenn skv. 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þeir aðal- og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður, verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.
 2. Forseta og two varaforseta bæjarstjórnar skv. 13. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
 3. Two skrifara og two til vara úr hópi bæjarfulltrúa skv. 16. gr. samþykktar þessarar.
- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011:
1. *Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins*. Two aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
 2. *Atvinnu- og þróunarráð*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Ráðið fer með atvinnu-, markaðs- og ferðamál.
 3. *Barnaverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin starfar skv. lögum nr. 80/2002.
 4. *Brunabótafélag Íslands*. Einn aðalmann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
 5. *Félagsmálaráð*. Sjö aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1992. Félagsmálaráð fer jafnframt með hlutverk húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
 6. *Forvarna- og fristundanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 7. *Framkvæmdaráð*. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Framkvæmdaráð fer með mannvirkjagerð, eignarekstur, veitustarfsemi, samgöngumál og innkaup samkvæmt innkaupareglum Kópavogsbæjar.
 8. *Hafnarstjórn*. Aðalmenn til samræmis við ákvæði reglugerðar um Kópavogshöfn og jafnmarga til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 61/2003.
 9. *Heilbrigðisnefnd*. Two menn og two til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
 10. *Íþróttaráð*. Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 11. *Kjaranefnd*. Two aðalmenn og jafnmarga til vara.
 12. *Kjörstjórn við alþingiskosningar* skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
 - a) Þrjá menn í undirkjörstjórn og þrjá til vara.
 13. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998.
 - a) Hverfiskjörstjórn. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara.
 - b) Undirkjörstjórn. Þrjá menn og jafnmarga til vara.
 14. *Leikskólanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
 15. *Lista- og menningarráð*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Stjórnin fer með menningarmál. Hún fer jafnframt með stjórn bókasafnsins skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997, Tónlistarhúss Kópavogs – Salarins, Tónlistarsafns Íslands, Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Lista- og menningarsjóðs. Ráðið fer jafnframt með vinabæjarsamskipti.
 16. *Jafnréttis- og mannréttindaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með mannréttinda-, lýðræðis- og jafnréttismál skv. 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
 17. *Reykjanesfólkvangur*. Einn aðalmann í nefnd um Reykjanesfólkvang og einn til vara.

Nr. 358

10. apríl 2012

18. *Skipulagsnefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin fer jafnframt með ferlimál.
19. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmarga til vara.
20. *Skólanefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samningi Kópavogsbærar og menntamálaráðuneytis um skólahald á framhaldsskólastigi í Kópavogi frá 14. maí 1982.
21. *Stjórn Héraðsskjalasafns.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara.
22. *Stjórn Lifeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbærar.* Two aðalmenn og jafnmarga til vara skv. gr. 4.1 í samþykktum um sjóðinn frá 28. nóvember 2011.
23. *Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.* Einn aðalmann og einn til vara.
24. *Stjórn Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs.* Einn aðalmann og annan til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 12. janúar 1988.
25. *Stjórn SSH.* Einn aðalmann og annan til vara skv. 5. gr. samþykkta um SSH frá 6. nóvember 2009.
26. *Stjórn Strætó bs.* Einn aðalmann og einn til vara skv. 5. gr. stofnsamnings frá 7. maí 2001.
27. *Stjórn Tónlistarskóla Kópavogs.* Two aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
28. *Stjórn Tónsala.* Einn aðalmann og jafnmarga til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
29. *Umhverfis- og samgöngunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með umferðarmál skv. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og umhverfismál skv. lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogsbærar hefur sett skv. 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 10. apríl 2012.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 24. apríl 2012